



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



# Trúnaðarmannanámsskeið


## 29. september 2015

### Kjarasamningar




1 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA




## Ráðningarferli

### Hvað ber að hafa í huga



- Skriflegur ráðningarsamningur við vinnuveitanda
  - Bundið í lög hjá opinberum starfsmönnum
- Upplýsingar sem þurfa að koma fram á ráðningarsamningi:
  - Nafn, heimilisfang og kennitala stofnunar
  - Nafn, heimilisfang og kennitala starfsmanns
  - Vinnustaður
  - Starfsheiti, stutt útlitun á umfangi og ábyrgðarsviði
  - Launakjör – nauðsynlegt að vísa í kjarasamning svo að laun taki samningsbundnum hækkunum (á við um einkamarkað)

2 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Ráðningarferli Hvað ber að hafa í huga (frh.)

- Upplýsingar sem þurfa að koma fram á ráðningarsamningi (frh.):
  - Vinnutími (dagvinna, vaktavinna, fastar næturvaktir, bakvaktir)
  - Starfshlutfall
  - Ráðning, þ.e. tímabundin eða ótímabundin
  - Upphaf ráðningar og starfslok ef ráðning er tímabundin
  - Gagnkvæmur uppsagnarfrestur
  - Lífeyrissjóður og viðbótarlífeyrissparnaður
  - Stéttarfélag

3 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Ráðningarferli – einkamarkaður

- Orlofsréttur – hægt að vísa í kjarasamning (þ.e. Tekur laun skv. kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við...)
- Réttur til launa í veikindum – hægt að vísa í kjarasamning (réttur til launa í veikindum byggist á reglugerð nr.411/1989)

4 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Ráðningarferlið

- Starfsmanni skal ráðlagt að skrifa ekki undir ráðningarsamning nema fyrir liggir undirskrift yfirmanns og handhafa ráðningarvald.
- Ef vinnuveitandi gerir breytingar eftir að undirskrift starfsmanns liggur fyrir er erfitt að sanna hvernig samningur var fyrir breytingu.
- Ef breyting gerð skriflega þurfa báðir að kvitta fyrir breytingunni

5 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016





FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Viðsemjendur Fíh:

- Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs (ríkið) - **Gerðardómur**
- Reykjalundur-**samskonar samningur og gerðardómur**
- Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS) - **Ósamið**
- Reykjavíkurborg – **Ósamið**
- Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) - **Ósamið**

6 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA





## Kjarasamningar

- **Miðlægir kjarasamningar**
  - Taxtahækkanir
  - Algildir kaflar
  - Réttindamál
    - Kosið um samninginn
- **Stofnanasamningar**
  - Launaröðun
  - Starfsheiti
  - Persónubundir þættir
    - Friðarskylda

7 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016


FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Kjarasamningar, stofnanasamningar

- Heilbrigðisstofnunum fækkað, margar stofnanir verið sameinaðar
- Heilbrigðisstofnanir hjá ríkinu með stofnanasamninga
  - Landspítali
  - Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
  - Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
  - Heilbrigðisstofnun Suðurlands
  - Heilbrigðisstofnun Austurlands
  - Heilbrigðisstofnun Norðurlands
  - Sjúkrahúsið á Akureyri
  - Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
  - Heilbrigðisstofnun Vesturlands
- Stofnanasamningar eru hjá heilbrigðisstofnunum hjá ríkinu og SFV en ekki hjá Reykjavíkurborg eða SNS
- Gerðir í kjölfar miðlægra samninga eða þegar forsendur samningsins breytast
- Gerðir að jafnaði á tveggja ára fresti

8 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Launatöflur

- Ríki, SFV, Reykjalundur  
<http://hjukrun.is/library/Skrar/Kjarasvid/Kjarasamningar-2015/LaunataflaRiki01052015.pdf>
- Sveitafélög  
[http://hjukrun.is/library/Skrar/Kjarasvid/Kjarasamningar-2011/Launatafla\\_sveit\\_2014%20Launatafla.pdf](http://hjukrun.is/library/Skrar/Kjarasvid/Kjarasamningar-2011/Launatafla_sveit_2014%20Launatafla.pdf)
- Reykjavíkurborg  
<http://hjukrun.is/library/Skrar/Kjarasvid/Kjarasamningar-2011/LaunataflaReykjavikurborg01022014%20Sheet1.pdf>

9 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Hækkunir á launatöflum á samningstímanum (Ríkið og Reykjalundur)

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

<b>01.05.2015</b>	<b>Lagfæring á launatöflu, meðaltalshækkun 2,03%</b> 5% milli flokka 2,5% milli þrepa (var um 4,8% og 2,5% áður)
<b>01.05.2015:</b>	7,7% (6%).
<b>01.06.2016</b>	6,5 (5,5%)
<b>01.06.2017</b>	4,5% (3%)
<b>01.06.2018</b>	3% (3%)
<b>01.02.2019</b>	Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausni leyfi.

10 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Útreikningur á broti úr mánaðarlaunum (kafli 1.1.2)

- Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma

11 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Kjaramál – vinnutími (kafli 2)

- Vinnuvika starfsmanna í fullu starfi er 40 stundir
- Dagvinna skal unnin á tímabilinu kl. 08 -17
- Vaktir skulu að jafnaði vera 4 -10 klst.
- Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími á 24 klst. fari umfram 13 klst.

12 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Tímavinnukaup, yfirvinnukaup og stórhátíðarkaup (kaflar 1.4 – 1.5, kafli 2.2)

- Tímavinnukaup í dagvinnu er **0,615%** af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki, nær frá 8-17 mánudags - föstudags
- Tímavinnukaup í yfirvinnu er **0,95%** af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki (kafli 2.3)
- Tímavinnukaup í yfirvinnu er **1,0385%** af mánaðarlaunum hjá **SNS**
- Yfirvinna sem unnin er á stórhátíðum er greidd með tímakaupi sem nemur **1,375%** af mánaðarlaunum

13 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Vaktaálag

- **Vaktaálag 1** 33,33% kl. 17-24 mán.- til fimmtudaga
- **Vaktaálag 2** 55,00% kl. 17-24 föstudaga  
55,00% kl. 00-08 mán.- til föstudaga  
55,00% kl. 00-24 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- **Vaktaálag 3** 90,00% kl. 00-24 stórhátíðardaga
- Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega

14 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Bakvaktaálag

- 33,33% kl. 17-24 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17-24 föstudaga
- 45,00% kl. 00-08 mánudaga
- 33,33% kl. 00-08 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00-24 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 90,00% kl. 00-24 stórhátíðardaga
- Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega

15 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Persónuuppbót (desemberuppbót) Ríki, SFV o.fl:

- Á árinu 2015 78.000 kr.
- Á árinu 2016 82.000 kr.
- Á árinu 2017 86.000 kr.
- Á árinu 2018 89.000 kr.
- Greiðist miðað við starfshlutfall

16 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016






FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Frídagar (kafli 2.1.4)

<p><b>Sérstakir frídagar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýársdagur</li> <li>- Skírdagur</li> <li>- Föstudagurinn langi</li> <li>- Laugardagur fyrir páska</li> <li>- Páskadagur</li> <li>- Annar í páskum</li> <li>- Sumardagurinn fyrsti</li> <li>- 1. maí</li> <li>- Uppstigningardagur</li> <li>- Hvítasunnudagur</li> <li>- Annar í hvítasunnu</li> <li>- 17. júní</li> <li>- Frídagur verslunarmanna</li> <li>- Aðfangadagur eftir kl. 12.00</li> <li>- Jólادagur</li> <li>- Annar í jólum</li> <li>- Gamlársdagur eftir kl. 12.00</li> </ul>	<p><b>Stórhátíðardagar eru:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýársdagur</li> <li>- Föstudagurinn langi</li> <li>- Páskadagur</li> <li>- Hvítasunnudagur</li> <li>- 17. júní</li> <li>- Aðfangadagur eftir kl. 12.00</li> <li>- Jólادagur</li> <li>- Gamlársdagur eftir kl. 12.00</li> </ul>
--	---

17 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Frí í stað yfirvinnu (kafli 2.3.8) (ríki, Reykjavíkurborg, SFV og Reykjalundi):

- Starfsmanni með samkomulagi við vinnuveitanda er heimilt að taka hluta eða alla yfirvinnu út í fríi
- Ef yfirvinna er tekin út í fríi þá tekur starfsmaðurinn klukkustund á móti klukkustund og fær yfirvinnuálag greitt næstu mánaðarmót á eftir unninni yfirvinnu.
- Yfirvinnuálag er 39,3% af yfirvinnutaxta starfsmanns.

18 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Frí í stað yfirvinnu (SNS):

- Starfsmanni með samkomulagi við vinnuveitanda heimilt að taka 10 daga út í fríi.
- Ef yfirvinna er tekin út í fríi þá tekur starfsmaðurinn klukkustund á móti klukkustund og fær yfirvinnuálag greitt næstu mánaðarmót á eftir unninni yfirvinnu.
- Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutaxta starfsmanns.

19 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Yfirvinna – útkall (kafli 2.3.3)

- **Útkall á virkum dögum á tímabilinu kl. 08:00-24:00.** Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því hann fór til vinnu en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímenn frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkalls.
- **Útkall milli kl. 00:00 og 08:00 og á almennum og sérstökum frídögum.** Ef útkall hefist á tímabilinu kl. 00:00-08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 ½ klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða ½ klst. til viðbótar við unninn tíma.

20 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Vaktskrá lögð fram (kafli 2.6.2)

- Vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé um skemmri frest
- „Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.“
- Aukavakt með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir

21 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Frítökuréttur/hvíldartími (kafli 2.4)

- Myndast ef:
  - hvíld milli reglubundinna vakta er minni en 8 klst.
  - hvíld er minni en 11 klst. þegar unnin en yfirvinna
  - vinna fer umfram 16. klst. á hverjum 24 klst.
- Viðmiðunarsólarhringur fyrir hvíldartíma er frá þeim tíma sem fyrsta vakt á sólarhringnum hefst.
- Frí er 1,5 klst. fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist

22 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



## Fritökuréttur

- Viðmiðunarsólarhringur
- Viðmiðunarvika
- Aukavaktir á öðrum deildum
- Vikulegur frídagur
- Ferli þegar fritökuréttur skapast


**Dæmi**

Morgunvakt (regluleg vakt) 8-16, kvöldvakt 16-23:30 (aukavakt)

kvöldvakt 16-23:30 (aukavakt) Morgunvakt (regluleg vakt) 8-16,


23 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA




## Matar og kaffitímar (kafli 3.1-3.3):

- Dagvinnumenn:
  - Matartími er 30 mín á tímabilinu 11.30-13.30, ekki hluti vinnutíma.
  - Kaffitímar eru tveir, 15 mín/ 20.mín, teljast til vinnutíma
- Vaktavinnumenn:
  - Matartími – greiddar 25. mín í yfirvinnu fyrir hverja vakt en 12 mínútur greiddar í yfirvinnu fyrir hverja unna klst.
- Dagvinnumenn á sjúkradeildum:(á ekki við SNS)
  - Matartími – greiddar 15. mín í yfirvinnu fyrir hverja vakt



24 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Matstofa (kafli 3.4.1):

- Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað á m.k. 2 klst. fyrir matarhlé skulu hafa aðgang að matstofu
- Vinnuveitandi greiði kostnað við rekstur mötuneytis en starfsmenn greiði efnisverð matarins
- Ef stofnunin kaupir mat hjá öðrum aðila skulu starfsmenn greiða fyrir sambærilegan mat upphæð er svarar til meðaltalsverðs er starfsmenn greiða í mötuneyti stjórnarráðsins að Arnarhvoli

25 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Fæðispeningar (kafli 3.4.2):

- Starfsmenn sem ekki hafa aðgang að matstofu en ættu að hafa það eða matstofa er lokuð skulu fá það bætt með fæðispeningum 380 kr.
- Skilyrði fyrir fæðispeningum
  - Vinnuskylda þarf að vera hálf staða á viku
  - Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi
  - Matarhlé aðeins 30 mínútur

26 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA




## Fæðisfé (kafli 3.4.3)

- Þeir starfsmenn sem eru á vakt þegar matstofa vinnustaðar **er ekki opin** fá það bætt með fæðispeningum

27 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA




## Sumarorlof (kafli 4.1)

Allir viðsemjendur nema SA	SA
• Yngri en 30 ára 24 dagar	• Almenn 24 dagar
• 30-37 ára 27 dagar	• Eftir 5 ár í sömu starfsgrein 25 dagar
• 38 ára og eldri 30 dagar	• Eftir 5 ár hjá sama atvinnurekanda 27 dagar
	• Eftir 10 ár hjá sama atvinnurekanda 30 dagar

- Heimilt að flytja orlof á milli ára með samþykki yfirmanns
- Orlofsárið 1. maí – 30. apríl. Sumarorlofstími 1. maí – 15. september
- Greidd er 25% lenging ef orlof er tekið utan sumarorlofstíma
- Hvenær orlof er tekið er samkomulagsatriði stjórnanda og starfsmanns
- Veikindi í orlofi skal tilkynna yfirmanna án tafar þar sem tími í veikindum telst ekki til orlofs

28 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Önnur frí, ávinnsla og fyrning

- **Geðdeildarfrí (gildir fyrir þá sem voru í vinnu á geðdeildum fyrir árið 2008) (kafli 2.5.4)**
  - Er **64 stundir** á ári miðað við fullt starf
  - Fyrnist ekki
  - Ávinnsla miðast við almanaksárið
- **Helgidagafrí (kafli 2.6.7):**
  - Er **88 klst.** á ári miðað við fullt starf.
  - Heimilt að flytja á milli ára
  - Miðast við 50% starf
  - Ávinnsla – almanaksárið

29 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Önnur frí, ávinnsla og fyrning

- **Bakvaktarfrí (kafli 2.5.4)**
  - Er **80 klst.** miðast við 1200 stundir á bakvakt
  - Fyrnist
- **Fritökuréttur (2.4.5.7-2.4.5.9)**
  - Fyrnist ekki
  - Má fá greitt að 1/3
  - Launalaust leyfi
  - Ekki ávinnsla réttinda

30 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Bæting (kafli 2.6.8)


### Þeir sem eru á vetrarfríi fá:

- Frí í 88 klst. á föstum launum miðað við fullt starf, hlutfallslega við minna starfshlutfall.
- Vinna á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum greidd með dagvinnu og stórhátíðarálagi (90%)

### Þeir sem eru á bætingu

- Vinna á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum skal greidd með yfirvinnu skv. 1.5.1 eða 1.5.2
- Ef starfsmaður vinnur ekki sértakan frídag eða stórhátíðardag þá fær hann bættan frídaginn í yfirvinnu. Fær því yfirvinnu á þá daga sem teljast rauðir dagar og stórhátíðardagar þegar þeir dagar eru umfram vinnuskyldu viðkomandi viku.

31 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA


## Bæting (kafli 2.6.8)

### 1. Hvernig er reiknireglan bak við bætingu?

**Svar:** Bættur er hver sá dagur sem **EKKI** er merktur vinnudagur á vaktskrá og fellur á sérstakan frídag **ANNAN** en laugardag eða sunnudag – laugardagur fyrir páska er eini slíki dagurinn um helgi sem er bættur. Yfirvinnukaup er greitt í 8 klst. m.v. fullt starf fyrir bætta daga og hlutfallslega fyrir hlutastörf.

32 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016






FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Bæting (kafli 2.6.8)

2. Hvernig er bæting borguð hjá hjúkrunarfræðingum sem eru í 90-100% vinnu og vinna mánudag – föstudag t.d. í páskaviku eða ef jól eru um helgi. Eða ef viðkomandi vinnur t.d. mánudag, fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag í páskavikunni? Borgar sig ekki fyrir þá að vera á bætingu ef maður er í 100% vinnu?

**Svar:** Eins og áður sagði þá eru laugardagar og sunnudagar ekki bættir ef rauða daga ber upp á þá að undanskildum laugardeginum um páskahelgina. Allir aðrir dagar sem ekki eru merktir sem vinnudagar hjá viðkomandi eru bættir. Bæting og helgidagafrí kosta það sama – ef þú reiknar hvað viðkomandi fær í bætinu annars vegar og hver kostnaðurinn er við 11 daga leyfi hins vegar þá er hann sá hinn sami. Hver og einn verður að gera það upp við sig hvort krónur í budduna eru dýrmætari en frí. Það er nú oft þannig að ungu hjúkrunarfræðingarnir kjósa að fá bætingu en þeir eldri kjósa meira frí.

33 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA


## Bæting (kafli 2.6.8)

3. Þegar hjúkrunarfræðingur sem er í sumarfrí er á bætingu, hvernig er það sett inn. Getur stofnun komið sér hjá því að borga bætingu með því að setja alltaf orlofsdaginn á rauðan dag eða stórhátíðardag?

**Svar:** Ef orlof er skráð á rauðan dag þá fær starfsmaður í orlofi ekki þann dag bættan. Þetta getur verið snúið hjá 90-100% fólkinu þar sem þarf að skrá 5 fjarvistardaga pr. viku í orlofi – þá getur t.d. uppstigningardagur – sumardagurinn fyrsti eða 17. júní lent inni sem orlofsdagur nema að orlofsdagarnir sé skráðir eins og vinnurúlla viðkomandi.

34 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA




## Orlofsuppbót (Ríki og Reykjalundur)

- Á árinu 2015 42.000
- Á árinu 2016 44.500
- Á árinu 2017 46.500
- Á árinu 2018 48.000


- Greiðist miðað við starfshlutfall

35 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



## Ferðir og gisting (kafli 5)




- Ferðakostnaður greiddur samkvæmt reikningi
- Auknar álagsgreiðslur vegna brottfarar- og komutíma vegna ferða erlendis sem farnar eru að frumkvæði vinnuveitanda.
- Vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna skal vinnuveitandi sjá honum fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiða honum ferðakostnað. Slíkar ferðir teljast til vinnutíma
- Hefjist vinnutími starfsmanns, eða sé hann kallaður til vinnu á þeim tíma sem almenningsvagnar ganga ekki skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður, sama gildir um lok vinnutíma

36 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Aðbúnaður og hollustuhættir (kafli 6)

- Starfsmenn njóta réttinda samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, enda falli starf þeirra ekki undir önnur lög



37 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Tryggingar (kafli 7)


- Slysatryggingar**
  - Allan sólarhringinn
  - Vegna varanlegrar örorku
  - Vegna dauðsfalla
- Farangurstrygging:** Farangur tryggður á ferðalögum á vegum vinnuveitanda skv. reglum um farangurs-tryggingar nr. 281/1988
- Persónulegur munir:** Verði starfsmaður fyrir sannanlegu tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu skal það bætt
- Aukin réttindi verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu af völdum einstaklinga sem að takmörkuðu eða engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum



38 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Áhöld og vinnuföt (kafli 8)



- Starfsmenn ekki skyldugir til að leggja til áhöld nema að sérstaklega sé um það samið
- Einkennis- og hlífðarföt, starfsmönnum skal séð fyrir slíku sér að kostnaðarlausu
- Þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúrræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar fengið er vinnuveitanda í stað þess greidda sérstaka **fatapeninga** að upphæð **3.800 kr.** á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu. Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs

39 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Afleysingar (kafli 9)


- Ekki þarf að fela starfsmanni sérstaklega að gegna starfi yfirmanns nema að fjarvera yfirmannsins vari lengur en 5 daga samfelld
- Sé aðalstarf starfsmanns launað sem staðgengilsstarf ber starfsmanninum laun eftir flokki yfirmannsins gegni hann starfi hans
  - Lengur en 4 vikur samfelld
  - Hafi hann gengt starfi yfirmanns lengur en 6 vikur á hverjum 12 mánuðum
- Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils en er falið að gegna störfum hans í forföllum skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns
- Ef launaður staðgengill skal það standa í ráðningarsamning og starfslýsingu. Skilningur beggja aðila þarf til.

40 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Endurmenntun, símenntun (kafli 10)

- Námsleyfi ávinnst eftir ákveðinni reiknireglu
- Um er að ræða heimild en ekki rétt
- Mjög mismunandi milli stofnana hvernig námsleyfi er veitt



1,5 dagur	á hverjum mánuði í starfi
1 mánuður	á hverjum 10 mánuðum í starfi
3 mánuðir	á hverjum 5 starfsárum
6 mánuðir	á hverjum 10 starfsárum
9 mánuðir	á hverjum 15 starfsárum

41 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Stofnanapáttur og samstarfsnefndir (kafli 11)

- Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi
  - Ætlað að tryggja þróun launakerfis
  - Ætlað að tryggja skilvirkara launakerfi
  - Auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda
  - Bæta rekstrarskipulag
  - Hagræða í rekstri
  - Gefa starfsmönnum tækifæri til þess að þróa sig og bæta í starfi
  - Stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunar

42 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Stofnanapáttur og samstarfsnefndir (kafli 11)

- Í stofnanasamningi skal einnig semja um hvaða þættir og/eða forsendur skulu ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum
- Samstarfsnefnd:
  - Skal annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi
  - Skal fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmda á stofnanasamningi
- Sáttanefnd
  - Tekur fyrir þau mál sem til hennar er vísað

43 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Veikindaréttur (kafli 12)




Ríkið	Starfstími	Fjöldi daga
	0 - 3 mánuði í starfi	14 dagar
	Næstu 3 mánuði í starfi	35 dagar
	Eftir 6 mánuði í starfi	119 dagar
	Eftir 1 ár í starfi	133 dagar
	Eftir 7 ár í starfi	175 dagar

Við framantalinna rétt bætist auk þess réttur til mánaðarlauna í 13 vikur eða 91 dagar ef óvinnufærni stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi

Eftir 12 ár í starfi	273 dagar
Eftir 18 ár í starfi	360 dagar

44 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Veikindaréttur (frh.)

- Réttur eftirlaunaþega í tímavinnu einn mánuður einu sinni á ári
- Ávinnsla nær yfir vinnu hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé
- Launagreiðslur í veikindum
  - Laun skv. vinnuskýrslu fyrstu viku
  - Eftir það meðaltal álags og yfirvinnu
  - Ef veikindi eftir slys í vinnu eða slys á leið til vinnu, óbreytt laun frá upphafi veikinda
- Veikindi vegna barna: 12 dagar (96 klst.)
- Starfshæfnisvottorð: þarf að framvísa ef veikindi bara meira en 1 mánuð

45 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Veikindaréttur SA

- Tveir dagar í mánuði fyrsta árið í starfi
  - Eftir 1 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda 2 mánuði á föstum launum
  - Eftir 5 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda 4 mánuði á föstum launum
  - Eftir 10 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda 6 mánuði á föstum launum

46 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Tilhögun fæðingarorlofs (kafli 13)

- Foreldri þarf að hafa verið í a.m.k. 25% starfi í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda
- Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbót.
- Starfsmaður er áfram í þeim lífeyrisjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda.
- Frekari upplýsingar á [www.faedingarorlof.is](http://www.faedingarorlof.is)

47 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Veikindi á meðgöngu

- Veikindavottorð
- Laun í veikindum
- Launaflokkar, næturvaktaprósenta
- Réttur til að hætta á vöktum
- Hvenær á að hætta starfi
- Fæðingarorlofssjóður

48 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016






FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf (kafli 17):

- Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:
  - ✓ 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
  - ✓ 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
  - ✓ 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára
- Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

49 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016




FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Nokkur atriði að lokum

- Hafa allt skriflegt
- Uppsagnir
  - Áminningar
  - Veikindi
  - Ráðningarsamningur
- Hvenær er yfirvinna yfirvinna?
  - Sjálftekin yfirvinna óheimil
  - Hafa formlegt
  - Lok vakta
  - Staðfesting, deildarstjóri/vaktstjóri/Vinnstund

50 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Launatengdu gjöldin, hver eru þau?

- Orlofssjóður 0.25% af heildarlaunum
- Starfsmenntunarsjóður, 0.22% af heildarlaunum
- Vísindasjóður, 1.5% af grunnlaunum
- Styrktarsjóður. 0.75% af heildarlaunum
- Endurhæfingarsjóður 0,13% af heildarlaunum
- Mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð 11,5%
- Viðbótarlífeyrissparnaður, 2% af heildarlaunum
- Tryggingargjald af heildarlaunum 7,49%
- Tryggingagjald af lífeyrissjóðsframlagi 7,49%
- Tryggingagjald af séreignarframlagi 7,49%

51 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA


## Sjóðir – frh.

Upplýsingar um sjóði Fíh  
[www.hjukrun.is](http://www.hjukrun.is)

Umsóknir í gegnum **Mínar síður**  
[www.minar.hjukrun.is](http://www.minar.hjukrun.is)

52 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámsskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



## Kjaramál - lífeyrissjóður

- Allir þeir sem starfa hjá hinu opinbera:
  - A-deild LSR, (eitthvað af eldri hjúkrunarfræðingum í LH)
  - 4% framlag launþega
  - 11,5% framlag launagreiðanda
- Einkamarkaður:
  - Valfrjáls lífeyrisaðild
  - 4% framlag launþega
  - 8% framlag launagreiðanda
- Framlag í séreignasjóð
  - 2% framlag vinnuveitanda gegn
  - 2% framlagi launþega, launþegi hefur heimild til þess að greiða allt að 4%

53 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016


FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Hvaða leið er best að fara varðandi kjör og réttindi?

- Leita til trúnaðarmanns
- Leita til kjararáðgjafa Fíh  
Netfang: [eva@hjukrun.is](mailto:eva@hjukrun.is)
- Leita til sviðstjóra kjara- og réttindamála Fíh  
Netfang: [gunnar@hjukrun.is](mailto:gunnar@hjukrun.is)

54 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



# Að lesa úr launaseðli

<http://hjukrun.is/library/Skrar/Kjarasvid/Launasedillinn.pdf>

55 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA



# Takk fyrir daginn !



56 Kjara- og réttindasvið, trúnaðarmannanámskeið 14.1.2016